

From: Þórunn Edda Magnúsdóttir <edda@midborgin.is>
Sent: Thursday, October 31, 2019 8:53 AM
Cc: Þorsteinn Rúnar Hermannsson <thorsteinnrh@reykjavik.is>
Subject: Re: Varðandi bílahúsin opin á sunnudögum.

Góðan daginn.

Í viðhengi er erindi frá stjórn Miðborgarinnar okkar

Hagsmunasamtökin Miðborgin okkar skora á borgaryfirvöld að fresta áformum um gjaldskyldu í bílastæði í miðborginni á sunnudögum.

Stjórn Miðborgarinnar okkar telur að þetta skref megi bíða um stund þar sem að undanfarin misseri hefur aðgengi að miðborginni verið verulega heft vegna framkvæmda. Má þar nefna veigamiklar framkvæmdir á Hverfisgötu sem hafa skert aðgengi verulega, breytt akstursstefna á Laugavegi, framkvæmdir á Óðinsgötu svo eitthvað sé nefnt. Allt hefur þetta stuðlað að því að almenningur veigrar sér í einhverjum mæli að leggja leið sína í miðborgina, sem hefur áhrif á rekstraraðila í miðbænum. Við óskum eftir því að þessum áformum verði frestað og samráð haft við okkur varðandi þessi mál.

Stjórn Miðborgarinnar okkar